

FORSETAÚRSKURÐUR
um breytingu á forsetaúrskurði nr. 120/2018,
um skiptingu starfa ráðherra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra, með síðari breytingum.

1. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fer Sigurður Ingi Jóhannsson með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og ber embættisheitið mennta- og menningarmálaráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Lilju D. Alfreðsdóttur, af persónulegum ástæðum, varir.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.